

Hollvinasamtök Reykjalundar
Ársreikningur
2020

Hollvinasamtök Reykjalundar
Neðstaleiti 1
103 Reykjavík

Kt. 601213-1760

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Skýringar	8

Skýrsla stjórnar

Í stjórn árið 2020 voru Bryndís Haraldsdóttir, formaður, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, varaformaður, Sigurþór Charles Guðmundsson, Örn Kjærnested, Haukur F. Leósson, Jón Árni Ágústsson, varamaður, Sólrún Björnsdóttir, varamaður.

Hollvinasamtök Reykjalundar hafa það að markmiði sínu að styðja við starfsemi Reykjalundar.

Skráður fjöldi félaga 31. desember 2020 var 306 en 230 höfðu greitt félagsgjaldið sem er kr. 6.000.

Starfsemi samtakanna á þessu starfsári var lítil en áfram er unnið að öflun fjárfamlaga til styrktar Reykjalundi.

Stjórn samtakanna staðfestir hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2020.

Mosfellsbæ, 15. júní 2021

The image shows three handwritten signatures in blue ink. The top signature is 'Bryndís Haraldsdóttir'. Below it is 'Ragnheiður Ríkharðsdóttir' and at the bottom is 'Haukur F. Leósson'.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Hollvinasamtaka Reykjalundar

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Hollvinasamtaka Reykjalundar („félagið“) fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarrekning, efnahagsrekning, sjóðstremisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2020 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við síðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar síðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn að leggja mat á rekstarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvárdanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötvu ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötvu ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni qert felaqið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glöggja mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík 16. júní 2021

KPMG ehf.

Sigrún H. Sveinsdóttir

Rekstrarreikningur 1. janúar - 31. desember 2020

	Skýr.	2020	2019
Tekjur			
Félagsgjöld	2	1.380.000	1.757.000
Framlög og styrkir		0	195.469
		<u>1.380.000</u>	<u>1.952.469</u>
Rekstrargjöld			
Gjafir og styrkir til Reykjalundar		0	6.688.080
Annar kostnaður	3	42.004	706.411
		<u>42.004</u>	<u>7.394.491</u>
Rekstrrafkoma fyrir fjármunatekjur		1.337.996	(5.442.022)
Fjármunatekjur		<u>6.562</u>	<u>27.183</u>
Tekjur umfram gjöld (gjöld umfram tekjur) ársins	4	<u>1.344.558</u>	(<u>5.414.839</u>)

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	2020	2019
Eignir		
Handbært fé	1.758.025	413.467
Veltufjármunir samtals	<u>1.758.025</u>	<u>413.467</u>
	Eignir samtals	1.758.025
	<u>1.758.025</u>	<u>413.467</u>
Eigið fé		
Óráðstafað eigið fé	4	1.758.025
Eigið fé samtals	<u>1.758.025</u>	<u>413.467</u>
	Eigið fé samtals	1.758.025
	<u>1.758.025</u>	<u>413.467</u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum.

Samtökin voru stofnuð 2. nóvember 2013.

2. Félagsgjöld

Félagsgjöld eru færð eftir innborgunum en 230 félagsaðilar greiddu félagsgjöld að upphæð 1.380 þús. á árinu. Ógreidd félagsgjöld þeirra sem skráð hafa sig í samtökin námu 540 þús. kr. í árslok 2020 og hafa þau ekki verið færð til tekna. Samkvæmt lögum félagsins skal fella viðkomandi aðila af félagaskrá sé árgjald ekki greitt á tilsettum tíma.

3. Annar kostnaður

Annar kostnaður greinist þannig:	2020	2019
Endurskoðun	0	288.126
Auglýsingar	0	316.762
þjónustgjöld banka	42.004	101.523
Samtals	42.004	706.411

4. Eigið fé

Breytingar á eigin fé greinast þannig:	2020	2019
Eigið fé í upphafi árs	413.467	5.828.306
Gjöld umfram tekjur ársins	1.344.558	(5.414.839)
Eigið fé í lok árs	1.758.025	413.467